

# Heimsóknir og notkun á Bókasafni Grundarfjarðar og safnkosti Grunnskóla Grundarfjarðar 2005

[http://www.grundarfjordur.is/default.asp?sid\\_id=20569&tre\\_rod=001|008|001|&tId=1](http://www.grundarfjordur.is/default.asp?sid_id=20569&tre_rod=001|008|001|&tId=1)

Safnkostur Grunnskóla Grundarfjarðar er í umsjá Bókasafns Grundarfjarðar og eru upplýsingar um eintök beggja safnanna aðgengilegar á vefnum á <http://gegnir.is>. Nokkur hluti af gögnum grunnskólans er enn ótengdur og eins erlendar bækur á bókasafni.

## Lykiltölur 2005: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Íbúar Grundarfjarðar voru 938 þann 1. des. 2004.

Opið var 41 viku yfir veturinn og 11 daga að sumrinu (216 dagar).

Starfsmenn eru þrír í 139% stöðugildum.

Eign 31. des. 2005 var sem hér segir:

Safnkostur tengdur Gegni 26.403 eintök og rúm 600 erlendar bækur ótengdar (21.422 +500 erl. bækur).

Þar af tímaritshefti 2.243 (2.086).

Þar af myndbönd, hljóðbækur o.fl. 791 eintök ( 707).

Þar af fjöldi safngagna í deildum skólans 8.181 eintak.

Þar af safnkostur á almenningsbókasafni um 16.000 eintök.

Talning heimsókna fer fram daglega.

Skráðir lánþegar í Bókasafni Grundarfjarðar árið 2005: Virk skírteini fullorðinna voru 129. Í grunnskólanum eru 199 nemendur og 22 kennarar.

Útlán: 10.239 örlítill fækkun frá fyrra ári.

Útlán á íbúa: 11 eintök (Bókasafn Reykjanesbæjar: 8,5).

Gestir: 4.539 heimsóknir á ári, 21 að meðaltali á dag (2,2 % af 938 íbúum sveitarfélagsins).

Þjónustutími: 17 klst á viku eftir kl. 15 yfir veturinn og 20 tímar fyrir nemendur grunnskólans / 5 klst á viku yfir sumarið.

## Samanburður útlána 2002-2005

	Útlán til fullorðinna	Útlán til barna og nemenda	Útlán til kennara	Útlán alls
2002	4.282	4.654	446	9.382
2003	3.670	7.290	1.065	12.025
2004	4.112	4.902	1.522	10.536
2005	4.119	5.405	715	10.239

## Samanburður heimsókna 2002-2005

Ár	Fullorðnir eftir kl. 15	Börn eftir kl. 15	Leikskóla-börn	Nemendur grunnskólans	Fjöldi heimsókna alls
2002	1.464	1.352	100	4.208	7.024
2003	1.291	1.577	100		Talningu ábótavant
2004	1.132	798	60	2.934	4.864
2005	1.360	679	70	u.þ.b. 2.500	4.539

**Fjöldi heimsókna nemenda** árið 2005 var um 2500. Nemendur fengu 5405 eintök lánuð og **kennarar** 715 eintök, námsbækur (um 1300 stk.) þar með.

Hver nemendi í 1. – 7. bekk grunnskólans kom á tveggja vikna fresti í heimsókn á skólatíma (litlir bekkir vikulega). Sunna Njálisdóttir sá um safnfræðslu. Aðrir tímar voru í umsjá Salbjargar Nóadóttur og kynnti hún þeim bókmenntir og leiðbeindi um hegðun á bókasafni. Hluti þessara tíma fer í að velja bækur til að fara með heim og gæta þess að þær séu notaðar og verði ekki innlyksa á heimilum. Guðbjörg Hringsdóttir vinnur á fimmtudögum frá kl. 15-20.

**Fjöldi heimsókna á bókasafnið eftir kl. 15** var 2.039 (2004:1.930). Fullorðnir komu í 1.360 heimsóknir og fengu lánuð 4.119 eintök. Aðrar heimsóknir (börn á sama tíma, nemendur og kennarar grunnskóla og leikskóla) voru 3.249 og voru lánuð 6.120 eintök (þar af námsbækur um 1300 stk.). Samtals eru þetta 10.536 eintök. Það samsvarar því að 2/3 af safnkosti almenningsbókasafnsins hafi verið lánaður einu sinni, hvert eintak.

Ef námsbækur eru undanskildar (um 1300 stk.) má ætla að hver íbúi hafi fengið lánaðar um 9,5 bækur (2004: 10 stk.) Heimsóknir nemenda og almennings reiknast 21 á dag (216 dagar) og er það 2,2 % af 938 íbúum sveitarfélagsins.

### Til umhugsunar

Athuga ber að heimsóknir barna á skólaaldri eru nær eingöngu á skólatíma hér og er þörf þeirra fyrir lesefni að mestu fullnægt með því. Sjá þó 679 heimsóknir eftir kl. 15. Tölur um fjölda útlána til þeirra verða birtar þegar kerfið býður upp á það. Það skekkir samanburð við önnur almenningsbókasöfn að ekki hefur verið hægt að sjá hvernig útlán barna skiptast milli safnkosts á bókasafni og safndeilda í skóla. Tölur fyrir nemendur og almenning í heild eru á svipuðu róli og hjá almenningsbókasöfnum landsins sem þýðir að fjöldi útlána og heimsókna á Bókasafn Grundarfjarðar er í lægri kantinum.

**Fækkun útlána milli ára** vekur athygli meðal forstöðumanna bókasafna á landinu. Tölur frá nokkrum bókasöfnum benda til að heimsóknum fjölgi eða fækki minna en útlán sem fækkar eitthvað í flestum tilfellum. Ekki er auðvelt að benda á skýringar á því. Það má þó benda á að færsla skráninga safnkosts milli bókasafnskerfa og ólíkar aðferðir kerfanna við talningu á notkun skýrir breytinguna að hluta. Aðrar skýringar sem heyrast nefndar eru aukið framboð sjónvarpsefnis síðustu misseri, ódýrari afþreyingarbókmenntir og meiri fjárráð til kaupa á lesefni og að internetnotkun fólks fullnægi þörf margra fyrir upplýsingar og lestrarefni.

**Meðaltal heimsókna eftir kl. 15** hvern dag sem var opið var sem hér segir:

Yfir vetrartímann; 6 fullorðnir og 3 börn (var 7 og 5 árið 2004).

Á sumrin einn fimmtudag í viku; 13 fullorðnir og 5 börn (var 12 og 4 árið 2004).

Útlán á hvern fullorðinn fækkaði úr 3,6 eintökum í 3 í hverri heimsókn.

Bókasafn Grundarfjarðar

Borgarbraut 16, gengið inn að ofanverðu.

Sími 430 8570.

Netfang: bokasafn@grundarfjordur.is

Veffang: <http://www.grundarfjordur.is>

Opnunartímar frá 17. ágúst til 31. maí:

Safnið er opnað kl. 15:00 alla virka daga.

Mánudaga - miðvikudaga er opið til kl. 18:00,

á fimmtudagskvöldum áfram til kl. 20:00.

Föstudaga er opið til kl. 17.

Sumartími er kl. 13-18 á fimmtudögum.

Unnið í febrúar 2006 af Sunnu Njálisdóttur.

## Heimildir

Sjá U:/Starfsemi og rekstur/Ársskýrslur/ Heimsóknir og notkun 2005  
U:/ Starfsemi og rekstur/Ársskýrslur /Lánþegar og útlán 2005